

# ÁRSSKIL

## Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2015

Þeir aðilar sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattskrá eiga þann **5. febrúar** nk. að skila virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjörs á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2015. Henni ber að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla). Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila. Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

Vakin er athygli á því að skila skal virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu rafrænt. Sótt er um rafræn skil á þjónustuvef ríkisskattstjóra [www.skattur.is](http://www.skattur.is). Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gildar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Inneignarskýrslum virðisaukaskatts skal fylgja:

- 1) afrit af ársreikningi 2015
- 2) eða hreyfingarlisti inn- og útskatts 2015
- 3) eða ljósrit af bókhaldshefti 2015

Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að ríkisskattstjóri vísi skýrslu frá og áætli virðisaukaskatt.

### Leiðréttingskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Henni skal skila ef leiðréttta þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila. Leiðréttingskýrslu ber að skila til sýslumanns eða tollstjórans í Reykjavík ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til ríkisskattstjóra.

Ef skattskyld velta ársins 2015 var meiri en 3.000.000 kr. þá er forsenda fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið brostin. Ber þá að fylla út leiðréttingskýrslu

og skipta veltu, útskatti og innskatti, niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Skila þarf leiðréttingskýrslunni til ríkisskattstjóra minnst átta dögum fyrir gjalddaga virðisaukaskatts viðkomandi uppgjörstímabils svo ríkisskattstjóri geti breytt skilum aðila í tveggja mánaða skil. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 3.000.000 kr., fell í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörs tímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings (sjá um hann á bakhlið leiðréttingskýrslunnar).

Ef skattskyld velta á árinu 2015 fór yfir 3.000.000 kr. skal gera upp virðisaukaskatt fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil á árinu 2016.

Hægt er að greiða virðisaukaskatt með AB gíró í heimabanka. Þá þarf að útbúa OCR-rönd, sem samanstendur af tilvísunarnúmeri, seðilnúmeri, færslulykli, stofnun, höfuðbók og reikningsnúmeri. Dæmi: VVVVVNAAAAA kkkkkkkk 31-0001-26-025300 Tilvísunarnúmer VVVVV = sex stafa vsk-númer. Sé númerið styttra er sett 0 fyrir framan NN = númer tímabils (t.d. 48 fyrir nóvember-desember og ársskil 2015) AAAA = ártal (2015) Seðilnúmer kkkkkkkk = sjö fyrstu stafir í kennitölù greiðanda 31-0001-26-025300 eru færslulykli, stofnun, höfuðbók og reikningsnúmer.

Þó svo að velta aðila sem er í tveggja mánaða skilum sé undir 3.000.000 kr. skal hann ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru kr. 150.000 eða hærri á mánuði.

**Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á [rsk.is](http://rsk.is). Einnig er vakin athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2016 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.**

**Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra.**